

## Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4624477 8545350 bréfsími 4627144

Árið 2003 þriðjudaginn 16. september kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðar saman til 17. fundar að Óseyri 2 Akureyri. Formaður Hreiðar Hreiðarsson setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Umsókn frá Svalbarðstrandarhrepp, sem sækir um að byggja senu við íþróttahús Valsárskóla, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá VA Arkitektum ehf.

*Samþykkt.*

2. Sigurveig S. Bergsteinsdóttir Fögrusíðu 11 d, sækir um leyfi fyrir sumarhúsi á lóð nr. 7 á skiðulögðu sumarhúsasvæði í landi Geldingsár Svalbarðsstrandarhrepp, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá ABS teiknistofu.

*Samþykkt.*

3. Erindi frá Fosslandi ehf, Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit, þar sem sótt er um breytingu á utanhúsklæðningu hússins að Fosslandi 1. En á áður samþykktum teikningum er gert ráð fyrir að klæða húsið að utan með láréttri panelklæðningu, en nú er óskað eftir að byggingarnefnd samþykki útveggjaefni úr acryl sem dregin var upp á loftaða krossviðsklæðningu og er framkvæmdinni nú lokið. Teikningar eru frá HSÁ Teiknistofu.

*Afgreiðslu frestð og ákveðið að afla frekari upplýsinga um verkið.*

4. Depill ehf Grundargötu 1 Akureyri, leggur inn breyttar teikningar af húsi nr. 7 við Brúnahlíð, Eyjafjarðarsveit, frá Arkitekta- og Verkfræðistofu Hauks ehf. Byggingarnefnd samþykkti teikningar af einbýlishúsi á lóðina 14. maí, 2002. Breytingin felst í því að húsið er stækkað úr 169.3 m<sup>2</sup> í 186.6 m<sup>2</sup>, en tvö önnur hús sem búið er að byggja við efri götu í hverfinu eru af þeirri stærð.

*Samþykkt.*

5. Umsókn frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Öngulsstöðum 1, Eyjafjarðarsveit, þar sem hann sækir um að skipta íbúðarhúsinu að Öngulsstöðum 1 upp í tvær sjálfsstæðar íbúðir, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf. Með erindinu fylgir staðfesting frá Sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar um heimild á þessum framkvæmdum.

*Samþykkt.*

6. Umsókn frá Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, Öngulsstöðum 1, Eyjafjarðarsveit, þar sem hann sækir um að innrétta íbúð í steinsteyptri vélageymslu á lögbylinu Öngulsstöðum 1, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Opus ehf. Með erindinu fylgir staðfesting frá Sveitastjórn Eyjafjarðarsveitar um heimild á þessum framkvæmdum.

*Samþykkt.*

7. Umsókn frá Jóhannesi Hermundarsyni, Gránufélagsgötu 23, 600 Akureyri, sem sækir um að byggja 7,7 m<sup>2</sup> verkfæraskúr úr timbri á sumarhúsalóð nr. 22 í landi Leifsstaða, Eyjafjarðarsveit, samkvæmt meðfylgjandi skissu.

*Samþykkt.*

8. Umsókn frá Stefáni G Péturssyni, Tröllagili 14, 603 Akureyri, sem sækir um að byggja garðskála við sumarhús á lóð í landi Áss, Hörgárbyggð, samkvæmt uppdráttum frá ATS Teiknistofu.

*Samþykkt.*

9. Erindi frá Útgerðarfélaginu Hvammur hf, Hrísey, sem sækir um að endurbyggja gamla mjölgeymslu við Sjávargötu, en hún eyðilagðist í bruna síðastliðið sumar. Húsið verður byggt upp með límtrésbitum og klætt með polyúretan einingum klæddum stálplötum.

*Samþykkt.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.30.

Hreiðar Hreiðarsson  
Kristján Kjartansson

Klængur Stefánsson  
Þröstur Sigurðsson

Hermann G. Jónsson  
Jósavin Gunnarsson